

Alþingi
Erindi nr. P 143/181
komudagur 11.11.2013

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. nóvember 2013

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning Íslands og Kína, 73. mál

SVP – Samtökum verslunar og þjónustu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðfestingu fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína.

Innan SVP eru mörg stærstu innflutningsfyrirtæki landsins. Flest þessi fyrirtæki eru stórir innflytjendur á varningi, bæði almennum neysluvörum og fjárfestingar- og rekstrarvörum fyrir atvinnulífið. Það felast gífurlegir hagsmunir í því fyrir þessi fyrirtæki að geta átt tollfrjáls viðskipti við Kína sem er stærsti framleiðandi í heimi á iðnvarningi. Samtökin hafa alla tíð hvatt mjög til þess að þessi samningur verði gerður, en undirbúningur að gerð þessa samnings hefur nú staðið um árabíl.

Á undanförunum misserum hafa samtökin ítrekað, bæði í ræðu og riti, vakið athygli á þeirri erfiðu aðstöðu sem íslensk verslun býr við varðandi innflutning á vörum frá Asíuríkjum, ekki síst Kína, en í Asíu fer stór hluti af iðnaðarframleiðslu heimsins fram.

Fullgilding fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína gjörbreytir þessari erfiðu stöðu og gefur íslenskum innflutningsfyrirtækjum nýja möguleika á að nýta sér það mikla hagræði sem af slíkum samningi hlýst. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni hefur innflutningur frá Kína vaxið hröðum skrefum undanfarinn áratug (var 6,1 milljarðar króna 2002 í samanburði við 42,6 milljarða króna árið 2012). Af viðbrögðum fjölmargra forsvarsmanna aðildarfyrirtækja SVP að dæma er allt sem bendir til þess að gildistaka fríverslunarsamnings milli landanna muni leiða til stóraukins innflutnings á vörum frá Kína. Beinn og milliliðalaus innflutningur mun leiða til þess að nýta megi að fullu það tollfrelsi sem af samningnum hlýst. Því skiptir miklu máli að tryggja að svo megi verða.

Gildi fríverslunarsamninga fyrir íslenskt atvinnulíf er mikið, ekki síst samningur sem þessi. Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs ræðst mjög af því að geta átt hindrunarlaus alþjóðleg viðskipti. Fríverslunarsamningur við Kína er mikilvægur í þessu samhengi og hvetja samtökin til gildistöku hans sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.